



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 135/2086

komudagur 9.4.2008

Selfossi, 7. apríl 2008

0710005SA ÞH

Nefndavið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál

Á fundi stjórnar Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga var tekið fyrir erindi frá Menntamálanefnd Alþingis, dags. 26. mars 2008, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða, 220. mál.


Stjórnin samþykkti að mæla með samþykkt tillögunnar.

Á sama fundi var samþykkt eftirfarandi ályktun um stöðu minjavarðar á Suðurlandi:

Stjórn SASS hvetur menntamálaráðherra til að beita sér fyrir að komið verði á fót stöðu minjavarðar Suðurlands eins og lög heimila og bendir á að Suðurland er eini landshlutinn þar sem minjavörður hefur ekki aðsetur. Stjórnin ítrekar þá afstöðu samtakanna að minjavörður Suðurlands fái aðsetur á Skógum í Rangárþingi eystra, sem er einnig í samræmi við stefnumótun í Vaxtarsamningi Suðurlands. Minnt er á að þessi tillaga er í samræmi við stefnu og ítrekaðar óskir Fornleifaverndar ríkisins.

Umsögninni og ályktuninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri